



Reykjavík, 6. júní 2024

MSS23010245

Stafrænt ráð

Beiðni um frest á skilum stýrihóps um endurskoðun á verkefninu Hverfið mitt og frestun á hugmyndasöfnun í verkefninu Hverfið mitt

Á fundi sínum þann 22. febrúar 2023 samþykkti stafrænt ráð erindisbréf stýrihóps um endurskoðun á verkefninu Hverfið, sbr. 3. lið fundargerðar sama dag. Samkvæmt erindisbréfi átti stýrihópurinn að skila tillögum um fyrirkomulag á verkefninu í desember 2023.

Verkefni stýrihópsins hefur reynst umfangsmeira en upphaflega var gert ráð fyrir og samþykkt var að óska eftir frest til að skila tillögum hópsins til nóvember 2024. sbr. 1. lið fundargerðar stýrihópsins dags. í dag.

Jafnframt samþykkti stýrihópurinn að óska eftir að fresta hugmyndasöfnun sem fram átti að fara í verkefninu Hverfið mitt sept/okt 2024 til febrúar/mars 2025, sbr. lið 2 fundargerðar sama dag.

Óskað er eftir að beiðni stýrihópsins um frest til að skila tillögum og frestun á hugmyndasöfnun í verkefninu Hverfið mitt, sé lögð fram á fundi stafræns ráðs til samþykktar.

Virðingarfyllt,
Anna Kristinsdóttir
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt:
Erindisbréf



Stafrænt ráð

Stýrihópur um endurskoðun á fyrirkomulagi verkefnisins Hverfið mitt

Meðfylgjandi eru drög að erindisbréfi um stofnun stýrihóps um endurskoðun á fyrirkomulagi verkefnisins Hverfið mitt.

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að endurskoða verkefnið og koma með tillögur að nýju fyrirkomulagi á verkefninu. Markmiðið er að þróa og betrubæta verkefnið og móta það til framtíðar.

Óskað er eftir að erindisbréfið sé samþykkt á fundi stafræns ráðs.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Erindisbréf stýrihóps um endurskoðun á fyrirkomulagi verkefnisins Hverfið mitt

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um endurskoðun á fyrirkomulagi verkefnisins Hverfið mitt

Ábyrgðarmaður:

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri

Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að endurskoða verkefnið Hverfið mitt og koma með tillögur að nýju fyrirkomulagi á verkefninu. Markmiðið er að þróa verkefnið og móta það til framtíðar. Horft verði til þess að tengja verkefnið betur við íbúaráð og stefnumörkun Reykjavíkurborgar í hinum ýmsu málaflokkum. Horft verði sérstaklega til lýðræðis-, mannréttinda-, þjónustu- og upplýsingastefnu sem og annarrar gildandi stefnumörkunar Reykjavíkurborgar eftir því sem við á.

Helstu verkefni:

- Að gera tillögur um nýtt fyrirkomulag á verkefninu Hverfið mitt.
- Endurskoða hugmyndasöfnun, hvernig henni er háttað og eðli þeirra hugmynda sem verið er að kalla eftir frá borgarbúum.
- Endurskoða yfirferð hugmynda og hvernig hægt sé að auka skilvirkni í yfirferð hugmynda.
- Endurskoða samráð við hugmyndahöfunda og upplýsingagjöf um framkvæmd og framgang verkefna.
- Að gera verkefnið Hverfið mitt sýnilegra, notendavænna og stuðla að aukinni lýðræðisþátttöku.

Stýrihópurinn skipa:

Kristinn Jón Ólafsson er formaður hópsins
Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Andrea Jóhanna Helgadóttir

Starfsmenn:

Eiríkur Búi Halldórsson, sérfræðingur á Mannréttinda- og Lýðræðisskrifstofu

Til ráðgjafar og samstarfs:

Við vinnuna leiti stýrihópurinn ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu,

Starfstímabil:

Niðurstöður stýrihópsins verða lagðar fyrir stafrænt ráð fyrir 15. desember 2023.

Samþykkt í stafrænu ráði þann 22. febrúar 2023